



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

R18040233

D-101

Reykjavík, 7. desember 2020

Borgarráð

Tillaga um 5 m.kr. viðbótarframlag til Þjóðarleikvangs ehf.

Lagt er til að samþykkt verði viðbótarframlag til Þjóðarleikvangs ehf. að fjárhæð 5 m.kr. til að standa straum af áætluðum viðbótarkostnaði sem gert er ráð fyrir að falli til við að ljúka fyrsta áfanga við þarfagreiningu vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu sbr. samkomulag Reykjavíkurborgar, ríkisins og Knattspyrnusambands Íslands. Fyrirvari er gerður um að meðeigendur samþykki sambærilegt viðbótarframlag, þ.e. ríkið sem fer með 42,5% hlut í félaginu og Knattspyrnusamband Ísland sem fer með 7,5% hlut.

Greinargerð:

Eigendum Þjóðarleikvangs ehf. hefur borist minnisblað frá stjórn félagsins, þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 10 m.kr. til þess að standa straum af áætluðum kostnaði við að ljúka fyrsta áfanga við þarfagreiningu. Er því um að ræða 50% hlut Reykjavíkurborgar í áætluðum viðbótargjöldum. Eigendur hafa lagt til 50 m.kr. til félagsins og er hjálagað að finna minnisblað sem skýrir fjárhagslega stöðu félagsins ásamt fjárhagsáætlun. Gert var ráð fyrir því að upprunalegt framlag myndi endast út starfsárið 2020. Breytingar á gengi krónunnar hafa gert það að verkum að kostnaður er umfram áætlun, og eru útgjöld um fimm milljónum hærri en áætlað var vegna þessa. Þá er gert ráð fyrir að rekstur félagsins kosti um eina milljón króna á mánuði þannig að fram að aðalfundi í apríl 2021 verði fjárþörf samtals um 10 m.kr.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagað:

Minnisblað stjórnar, dags. 4. desember 2020.

MEMO

Reykjavík, 4. nóvember 2020

Til: Eigenda Þjóðarleikvangs ehf.
Frá: Stjórn Þjóðarleikvangs ehf.

Efni: Ósk um 10. m. kr. viðbótarframlag til að ljúka fyrsta áfanga við þarfagreiningu

Í framhaldi nýlegum póstum til eigenda eru hér meðfylgjandi helstu punktar varðandi núverandi fjárhagslega stöðu Þjóðarleikvangs ehf. og væntanleg fjárþörf, að því gefnu að eigendur hafi ekki tekið ákvörðun um að stíga frekari skref við þróun verkefnisins í samræmi við meðfylgjandi tillögu KSÍ í tveimur megin liðum sem kynnt var fyrir Borgarráði og einnig á fundi með borgarstjóra, fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og formanni KSÍ;

A) Stjórn Þjóðarleikvangs ehf. verði falið að þróa verkefnið áfram með eftirfarandi verkþáttum:

- Skipuleggja hvernig heppilegast sé að haga útboði á verkefnisstjórn, hönnun, byggingaverktöku og meðal rekstraraðila.
- Framkvæma markaðsrannsókn (RFI) á meðal alþjóðlegra rekstraraðila til þess að kalla fram óskuldbindandi tilboð um umsjón með rekstri, tekjuskiptingu og skilgreiningu á helstu kröfum til mannvirkisins.
- Félaginu sé tryggð fjármögnun til að standa að þessum skrefum sem áætlað er að geti numið 100 – 150m.kr. - Tímarammi 6-9 mánuðir.
-

B) Hagaðilar – Ríkið, Reykjavíkurborg og KSÍ ræði um hvernig skuli haga eignarhaldi og fjármögnun verkefnisins ef af verður.

Samkvæmt upphaflegri rekstraráætlun fyrir Þjóðarleikvang, sem er meðfylgjandi, var gert ráð fyrir því að framlög frá eigendum mundu endast út árið 2020. Í rekstraráætluninni var gert ráð fyrir því að kostnaður við erlenda ráðgjafa yrði um 25 milljónir. Samningur við AFL Architects að upphæð EUR 175.000 var undirritaður þegar gengi evrunnar var um 135 ISK/EUR og áætluð heildarupphæð samningsins því um 23,6 m. ISK. Í ljósi þess að gengi íslensku krónunnar gaf verulega eftir á tímabilinu og var gengið orðið um 165 ISK/EUR á greiðsludegi breyttust forsendur fyrir samningsupphæðinni verulega og var því heildar upphæðin sem greidd var til ráðgjafanna um 28,9 m. Munurinn var því rúmar fimm milljónir.

Í samræmi við neðangreinda samantekt Gísla Hlíðberg Guðmundssonar, borgarbókara er heildar fjárförf Þjóðarleikvangs ehf. nú um 3,8 m.

Ógreiddir reikningar

Launatengd gjöld	304.318
Reykjavíkurborg	1.798.000
Reykjavíkurborg	179.800
	<u>2.282.118</u>

Virðisaukaskattur

sept. - okt.	4.544.438
Inneignir jan. ág	-2.020.592
	<u>2.523.846</u>

Staða á bankareikningi 3.12 1.040.612

Fjárförf	-5.785.944
Væntanlegar endurgreiðslur	2.020.592

Nettó fjárförf -3.765.352

Fjárförf til að geta greitt virðisaukaskatt 7.12 -3.503.826

Heildar kostnaður við rekstur félagsins á komandi mánuðum er um ein milljón á mánuði, stjórnarlaun og launatengd gjöld um 800 þús. og þjónusta fjármálasviðs Reykjavíkurborgar tæp 200 þús. Á vormánuðum mun svo koma til kostnaðar við endurskoðun félagsins. Ef við gerum ráð fyrir því að aðalfundur félagsins fari fram í apríl má gera ráð fyrir því að heildar fjárförf félagsins á tímabilinu verði um 10 m. á tímabilinu.

Því er óskað eftir 10. m. kr. viðbótar fjármagni til að ljúka þessum áfanga sem skiptist eftir eignahlut eigenda Þjóðarleikvangs ehf.

Þjóðarfeikvangur ehf.
Rekstraráætlun per mánuð

Aætlun 2019													2019												2019																
	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	September	Oktober	November	Desember		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	September	Oktober	November	Desember		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	September	Oktober	November	Desember			
Framlag frís eíðgildum	0	0	0	0	0	999.500	729.000	1.712.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800	1.906.800	0	0	0	0	0	0	999.500	729.000	1.712.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrir tekjur	0	0	0	0	0	999.500	729.000	1.712.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800	1.906.800	0	0	0	0	0	0	999.500	729.000	1.712.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Síðermanau og launategj gjöld						364.500	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000							364.500	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000																	
Annar starfsmannskostnaður																																									
Samtals laun og starfsm.kostin	0	0	0	0	0	364.500	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000							364.500	729.000	729.000	729.000	729.000	729.000																	
Ráðgjöf - KPMG																																									
Ráðgjöf - Innkaupskrifstofa Reykjavíkurborgar																																									
Ráðgjöf - Alþjóðlegur ráðgjafi																																									
Önnur ráðgjöf																																									
Ráðgjafarkostnaður	0	0	0	0	0	0	0	498.000	498.000	698.000	698.000	698.000								0	498.000	498.000	698.000	698.000																	
Bóknað																																									
Endurskiðun																																									
Þýðingar																																									
Annar kostnaður	0	0	0	0	0	635.000	0	435.000	50.000	250.000	250.000	250.000								635.000	435.000	50.000	250.000	250.000																	
Annar kostnaður	0	0	0	0	0	635.000	0	485.000	229.800	479.800	479.800	479.800								635.000	50.000	50.000	50.000	50.000																	
Rekstrarkostnaður alls	0	0	0	0	0	999.500	729.000	1.712.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800	1.906.800								999.500	729.000	1.456.800	1.906.800	1.906.800																	
Afkoma	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0								0	0	0	0	0																	

Þjóðarleikvangur ehf.
Rekstraráætlun per mánuð

[illegible]